Rósa Hf

# FUNAFRÉTTIR



**3. tölublað 2. árgangur desember 1997**

**Frá stjórn Funa**

Enn eiga nokkrir félagsmenn eftir að greiða árgjöldin sín og eru það vinsamleg tilmæli frá stjórninni að þeir geri skil sem allra fyrst.
Fyrirhugaðar eru breytingar á lögum félagsins á næsta aðalfundi hvað árgjöld félagsmanna varðar, breytingarnar fela meðal annars í sér að gjalddagi árgjalda verður fyrr á árinu en verið hefur, jafnframt munu félagsmenn og hross þeirra ekki hafa keppnisrétt á mótum félagsins nema að viðkomandi sé skuldlaus við félagið, svo að eitthvað sé nefnt.
Nú eru félagsmenn Funa 130 talsins og ætti það að duga til þess að félagið fái 2 keppendur í hverja keppnisgrein á komandi landsmóti, í stað eins áður. Er þar átt við A - og B - flokk gæðinga og ungmenna -, unglinga - og barnaflokk.
Hinsvegar er rétt að geta þess að félagatalan hefur rokkað til og frá það sem af er þessu ári og því er ekkert öruggt í þessum efnum. Því er vel við hæfi að benda þeim sem hafa áhuga á að gerast félagar í Funa að hafa samband við einhvern stjórnarmanna.
Framkvæmdir við félagsheimilið okkar hafa að mestu legið niðri síðan á vordögum enda í ýmsu öðru að snúast. Stefnt er að því að taka upp þráðinn strax eftir áramótin og eru félagsmenn hvattir til þess að koma og hjálpa til.
Áformað er að halda aðalfund félagsins í febrúar og mun stjórnin þar leggja fram tillögur að lagabreytingum eins og áður hefur verið nefnt. Rétt er að geta þess að lagabreytingar sem félagsmenn óska eftir að bornar verði upp á aðalfundi, þurfa að hafa borist stjórn félagsins fyrir 31. Desember.
Þar sem þetta ár er senn á enda runnið, er vel við hæfi að þakka nefndum félagsins fyrir vel unnin störf. Einnig viljum við þakka þeim fjölmörgu aðilum sem komið hafa að starfi félagsins, með einum eða öðrum hætti, fyrir þeirra framlag.
Að lokum viljum við óska félagsmönnum Funa, svo og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Stjórn Funa

**Frá formanni.**

Þar sem ég gef ekki kost á mér áfram sem formaður tel ég brýnt að tilkynna félagsmönnum það í tíma, svo að þeir geti hugsað sinn gang varðandi nýjan formann.
Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla, farsældar og friðar á komandi ári.

Bjarni Guðmundsson

**Félagsheimili Funa**

Stjórn Funa hefur ákveðið að efna til samkeppni um nafn á félagsheimili Funa á Melgerðismelum. Tillögur að nafni skal senda til Önnu Kristínar Árnadóttur , Leifshúsum , 601 Akureyri. Tillögurnar þurfa að hafa borist til viðtakanda eigi síðar en 7. Janúar næstkomandi. Fyrirhugað er að leggja þetta mál fyrir aðalfund í febrúar til endanlegrar afgreiðslu. Grípið því blað og penna og sendið inn tillögu að nafni í tíma.

**Pennasala**

Á síðasta aðalfundi Funa var ákveðið að afla fjár með sölu á pennum merktum félaginu. Nú eru þessir pennar komnir í sölu. Nú þegar hefur verið ákveðið að hagnaðurinn af pennasölunni skuli renna til framkvæmda við félagsheimili Funa á Melgerðismelum. Þetta eru fallegir pennar og mjög vel fallnir til að skrifa hlýjar kveðjur til hestamanna, vina og vandamanna. Hugmyndin er að reyna að heimsækja eins marga félagsmenn og kostur er á næstu dögum og bjóða þeim penna, vonandi fáum við góðar móttökur. Þeir sem hafa áhuga á að eignast penna geta einnig haft samband við Þröst á Gilsbakka í síma 463 - 1265

**Bæjakeppni**

Bæjakeppni Funa var haldin á Melgerðismelum laugardaginn 23. Ágúst. 80 aðilar tóku þátt í keppninni að þessu sinni. Þeir eru:

Monthestar
Þórustaðir 6
Svertingsstaðir 2
Brekka
Skálpagerði
Ytri-Hóll 1
Ytri-Hóll 2
Hjarðarhagi
Syðri-Hóll 1
Syðri-Hóll 2
Garðsá
Höskuldsstaðir
Jódísarstaðir
Garður
Öngulstaðir 2
Öngulstaðir 3
Björk
Tjarnagerði
Ytri-Tjarnir
Komma
Punktur
Syðra-Laugaland
Brúnir
Klauf
Uppsalir 1
Sigtún - Sigurgeir
Sigtún - Jonni/Didda
Munkaþverá
Rifkelsstaðir 3
Litli-Hamar
Stóri-Hamar
Bringa - Freyja/Reynir
Bringa - Sverrir/Jóna
Akur
Fellshlíð
Kálfagerði 1
Kálfagerði 2
Möðruvellir
Hrísholl
Sólgarður
Saurbær
Eyvindarstaðir
Hrísar
Hólakot
Halldórsstaðir
Torfufell 1
Torfufell 2
Leyningur
Jórunnarstaðir
Árgerði
Stóri - Dalur
Ytra - Dalsgerði
Hvassafell
Litli - Garður
Mikligarður
Ysta - Gerði
Árbakki
Gilsbakki
Möðrufell
Ytra - Fell
Árbær
Finnastaðir
Holtsel - Guðrún/Guðm.
Hólshús - Reynir/Þuríður
Grund - Bjarni/Hildur
Torfur
Dvergsstaðir
Víðigerði- Hjörtur/Helga
Espihóll
Merkigil
Hranastaðir
Hrafnagil - Benedikt
Grísará 1
Kristnes
Reykhús - Páll/Anna
Teigur - Stefán/Þorgerður
Litli - Hvammur
Grýta
Leifshús - Anna Kristín
Meðalheimur -Einar Ben.

Við þökkum öllum þeim sem tóku þátt í þessari bæjakeppni fyrir veittan stuðning. Einnig viljum við þakka KEA fyrir þann veglega farandbikar sem þeir gáfu til keppninnar en sá gamli var farinn að láta á sjá svo ekki sé meira sagt.
Úrslit keppninnar voru eftirfarandi:

Barnaflokkur.
1. Anna Sonja Ágústsdóttir keppti fyrir Bringu - Reynir og Freyju.
2. Sara Sigurbjörnsdóttir keppti fyrir Hólakot.
3. Stefán Ragnar Garðarsson keppti fyrir Torfufell 1.

Unglingaflokkur.
1. Ragnhildur Reynisdóttir keppti fyrir Sigtún - Sigurgeir.
2. Ásdís Helga Sigursteinsdóttir keppti fyrir Saurbæ.
3. Erna Sigurgeirsdóttir keppti fyrir Eyvindarstaði.

Kvennaflokkur.
1. Herdís Ármannsdóttir keppti fyrir Syðra - Laugaland.
2. Freyja Sigurvinsdóttir keppti fyrir Ysta - Gerði.
3. Hulda Sigurðardóttir keppti fyrir Stóra - Dal.

Karlaflokkur.
1. Ævar Hreinsson keppti fyrir Jórunnarstaði.
2. Ágúst Ásgrímsson keppti fyrir Meðalheim - Einar Ben.
3. Tobías Sigurðsson keppti fyrir Hólshús - Reynir og Þuríði.

Opinn flokkur.
1. Birgir Stefánsson keppti fyrir Litla - Hvamm.
2. Þorbjörn Matthíasson keppti fyrir Víðigerði - Hjört og Helgu.
3. Freyja Sigurvinsdóttir keppti fyrir Árbakka.

Bringa, Sigtún, Syðra - Laugaland, Jórunnarstaðir og Litli - Hvammur fengu lítinn bikar til eignar en dregið var um farandbikarinn. Anna Sonja sem keppti í barnaflokki hafði vinninginn í þeim drætti og farandbikarinn verður því á Bringu fram að næstu bæjakeppni.

## SKIPTIMARKAÐUR

Fyrirhugað er að koma á fót skiptimarkaði með reiðfatnað fyrir börn og unglinga. Þeir sem hafa áhuga á að nýta sér hann er bent á að hafa samband við Huldu í síma: 462 - 5688 eða Dillu í síma: 463 - 1290. Hugmyndin er að starfrækja þennan skiptimarkað í Norðurmynd á Akureyri og þar er einnig hægt að fá nánari upplýsingar í síma: 462 - 2807.

Hulda og Dilla.

**Gæðingamót Funa 1997**

Vegna mikilla framkvæmda á Melgerðismelum var ákveðið að fella gæðingamót félagsins inn í hátíðisdaga hestamanna sem haldnir voru 26 -27. Júli.
Úrslit urðu þessi:

A-flokkur gæðinga

1. Árvakur frá Árgerði. Eig: Magni Kjartansson. Kn: Birgir Stefánsson
   Einkunn: 8,03.
2. Fljóð frá Akureyri. Eig: Þorsteinn Egilson. Kn: Baldvin Ari Guðlaugsson
   einkunn: 8,03
3. Fjölnir frá Akureyri. Eigandi og knapi: Björn Þorsteinsson
   Einkunn: 7,86
4. Bassi frá Höskuldsstöðum. Eig: Sigurður Snæbjörnsson. Kn: Ragnar Ingólfsson. Einkunn: 7,80
5. Mökkur frá Árbakka. Eigandi og knapi: Sigurður Ólafsson
   Einkunn: 7,73

B-flokkur gæðinga

1. Gullinstjarna frá Akureyri. Eig: Anna Aðalsteinsdóttir og Þór Jónsteinsson
   Kn: Þór Jónsteinsson. Einkunn 8,30
2. Máttur frá Teigi. Eigandi og knapi: Birgir Stefánsson
   Einkunn: 8,13
3. Sörli frá Gilsbakka. Eigandi og knapi: Þröstur Jóhannesson
   Einkunn: 8,06
4. Hjörvar frá Árgerði. Eig: Magni Kjartansson. Kn: Birgir Stefánsson
   Einkunn: 8,06
5. Fleygur frá Teigi. Eig: Þórdís Sigurðardóttir og Birgir Stefánsson
   Kn: Birgir Stefánsson. Einkunn: 8,00

Ungmennaflokkur

1. Elsa Ösp Þorvaldsdóttir á Ölver frá Ysta - Gerði

Unglingaflokkur

1. Ásdís Sigursteinsdóttir á Gullinbursta frá Hallgeirsstöðum.Einkunn: 8,16
2. Erna Sigurgeirsdóttir á Sleggju frá Hrísholi. Einkunn: 7,80
3. Þórhallur Þorvaldsson á Stjörnu frá Ysta - Gerði. Einkunn: 7,76

Barnaflokkur

1. Þorgils Magnússon á Kveldroða frá Árbakka. Einkunn: 7,73

## Rekstrarbann

**Að gefnu tilefni vill stjórn Funa koma því á framfæri að það voru stjórnir Funa og Léttis sem settu rekstrarbann á leiðina frá Brunná að Hrafnagili en ekki landeigendur. Í fyrstu gilti rekstrarbannið einungis til 15. Júlí en var svo framlengt um óákveðinn tíma. Heimilt er að fara þessa leið með hross í taumi. Stjórn Funa vill beina þeim tilmælum til hestamanna að virða þetta rekstrarbann.**

### Tapað - Fundið

Gatatöngin mín týndist á reiðnámskeiðinu hjá Funa í vor. Finnandi vinsamlegast hafi samband við Ármann í Litla - Garði í síma 463 - 1290.

### Frá ritstjórn Funafrétta

Við viljum benda lesendum okkar á að hægt er að fá birtar auglýsingar í Funafréttum án endurgjalds. Án efa eru ýmsir sem geta nýtt sér þennan möguleika. Næstu Funafréttir munu koma út seinnipartinn í mars eða byrjun apríl. Ritstjórnin óskar lesendum Funafrétta gleðilegra jóla og gæfuríks komandi árs og vonast til að heyra frá ykkur á nýju ári.

Anna Kristín og Kristbjörg

Möppudýrið
Sunnuhlíð ☎ 462 6368
Bóka-, ritfanga- og gjafavöruverslun

**Mikið úrval af alls kyns gjafavöru jafnt fyrir börn, fullorðna og jólasveina**

**Nýjar bækur**

**10 - 15 % afsláttur af ýmsum titlum**

## FUNAFÉLAGAR ATHUGIÐ

Við mælum með hjálmanotkun og af því tilefni höfum við komist að samkomulagi við **Hestasport.**
Veittur verður afsláttur af reiðhjálmum til félagsmanna gegn framvísun félagsskírteinis.
Hestasport veitir 500 kr. afslátt, og Funi 1000 kr. **samtals 1500kr.**
**Kíkið við í Hestasport Höfðahlíð 1 eða hringið í þá , sími 461-1064 og kynnið ykkur úrvalið af hjálmum**